



## Reglur um greiðslur Barnaverndarþjónustu Norðurþings vegna sérstaks stuðnings vegna barna, fjölskyldna og fósturs á grundvelli 24. gr. og 75. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

### 1. kafli Ýmis kostnaður ofl.

#### 1. gr. Hvar færast kostnaðurinn

Þegar mál barns er til vinnslu hjá Barnaverndarþjónustu Norðurþings færast allur kostnaður vegna þeirra úrræða sem stuðst er við í vinnslu málsins á Barnavernd, samanber það sem fram kemur í meðferðaráætlun. Þannig færast kostnaður vegna stuðningsúrræða sem áður hafa verið veitt á þjónustumiðstöð yfir á Barnavernd að könnun lokinni, ef þar er talin þörf á tilteknum úrræðum samkvæmt meðferðaráætlun Barnaverndar. Að öðrum kosti falla stuðningsúrræði fyrir barnið niður. Fjárhagsleg og fagleg ábyrgð helst því í hendur við vinnslu mála.

#### 2. gr. Hvar er mál afgreitt

Greiðslur á grundvelli þessara reglna afgreiðast einungis af starfsmönnum Barnaverndarþjónustu og kostnaður færast jafnframt á Barnaverndarþjónustu.

Fjárhagsaðstoð á grundvelli reglna þar um afgreiðist einungis af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar og færast á viðkomandi skrifstofu. Ef starfsmenn Barnaverndarþjónustu telja æskilegt að veita stuðning umfram þær heimildir sem felast í þessum verklagsreglum hafa þeir milligöngu um viðtöl hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar ef notandi óskar eftir. Í kjölfarið senda starfsmenn Barnaverndarþjónustu skriflega umsögn og mat á beiðni um fjárhagsaðstoð. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar afgreiða slíkar umsóknir til samræmis við gildandi reglur um fjárhagsaðstoð.

#### 3. gr. Leikskólagjöld ofl.

Heimilt er að veita forsjárforeldri/for sjárforeldrum styrk sem nemur mánaðargjaldi eða sem samsvarar ákveðnum hlut mánaðargjalds og uppsöfnuðum skuldum, vegna gæslu barns hjá dagmóður, á leikskóla eða heilsdagsskóla vegna sérstakra meðferðarog stuðningssjónarmiða. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að

ræða sem sætir endurskoðun á a.m.k. 6 mánaða fresti. Aðstoð skal þó ekki vara samfelld lengur en 1 ár án samþykkis félagsmálastjóra Norðurling.

#### 4.gr.

##### Tómstundir barna

Heimilt er að veita forsjárforeldri/forsjárforeldrum styrk sem nemur mánaðargjaldi eða sem samsvarar ákveðnum hlut mánaðargjalds vegna tómstundaiðkunnar barns á grundvelli barnaverndarsjónarmiða.

Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á a.m.k. 6 mánaða fresti. Aðstoð skal þó ekki vara samfelld lengur en 1 ár án samþykkis félagsmálastjóra Norðurling.

#### 5. gr.

##### Sérfræðiaðstoð samkvæmt barnaverndarlögum

Þegar fyrir liggur ákvörðun félagsmálastjóra Norðurling eða bókun barnaverndar er heimilt að greiða kostnað vegna geð- og/eða sálfræðiathugana barna og/eða fjölskyldna. Heimilt er að greiða kostnað vegna viðtala barna og/eða fjölskyldna, hjá sálfræðingum, geðlæknum eða félagsráðgjöfum. Hámark aðstoðar eru 20 tímar miðað við meðalgjald sálfræðinga. Ákvörðun um slíka aðstoð er tekin á meðferðarfundum. Félagsmálastjóri Norðurling getur í undantekningartilfellum ákveðið að greiða fleiri tíma.

#### 6.gr.

##### Kostnaður vegna vistunar barns utan heimilis í barnaverndarmálum

Þegar nauðsyn krefur er heimilt, með hliðsjón af hagsmunum barns, að greiða kostnað vegna þess sem að neðan greinir.

Þetta ákvæði skal einvörðungu notast þegar til fellur kostnaður vegna barna vistaðra utan heimilis sem ekki getur fallið undir liðinn Barnavernd Norðurling úrræði, einnig vegna barna er lúta forsjá Barnaverndarnefndar, eða barna sem eru vistuð án samþykkis foreldra og vegna flókinna barnaverndarmála þar sem ekki næst samkomulag við foreldra um að greiða fyrir ýmsan kostnað vegna barnsins. Dæmi: forsjáraðili sem, af e-h ástæðum er ekki fær um eða móttfallinn því að standa straum af þeim útgjöldum sem vistunaraðili telur nauðsynleg.

Varðandi dvöl á vistheimili/meðferðarheimili skal almennt lagt til grundvallar að foreldrar kosti framfærslu barns á meðan vistun stendur að öðru leyti en því er varðar fæði og húsnæði.

##### **Kostnaður sem heimilt er að færa undir þessa grein:**

- a. Vasapeninga t.d. þegar börn í fóstri koma í umgengni og ferðakostnað kynforeldra sbr. ákvæði í fóstursamningi hverju sinni
- b. Vasapeninga v/barns í fóstri
- c. Ferðakostnað v/barns í meðferð úti á landi
- d. Annan kostnað v/barns í vistun s.s. tannlæknakostnaður, heilbrigðisþjónusta (í sérstökum tilvikum)
- e. Ferðakostnað foreldra v/námskeiða og samráðsfunda
- f. Ýmis kostnaður vegna dvalar á vistheimili/annarri stofnun



Liðurinn er skattlaus nema hvað varðar vasapeninga 16-20 ára unglinga.- Sjá sérákvæði um merkingu vasapeninga v/ 16-20 ára unglinga hér á eftir.

### **Sérákvæði um vasapeninga 16- 20 ára unglinga.**

Við greiðslu vasapeninga skal haft viðmið af mánaðarlegum meðlagsgreiðslum eins og þær eru ákveðnar hverju sinni samkvæmt lögum um almannatryggingar.

- g. Meðlagsgreiðslur til meðferðarheimilis v/ vasapeninga 16-20 ára unglings
- h. vasapeningar v/ 16-20 ára unglings í fóstri

## **2. kafli**

### **Fósturráðstafanir, tímabundið/varanlegt**

#### **7.gr.**

#### **Almennt um framfærslu og annan kostnað vegna barna í fóstri**

- Við upphaf vistunar barns/unglings í tímabundið fóstur bera forsjáraðilar, í samvinnu við Barnaverndaryfirvöld, ábyrgð á því að barnið hafi með sér nauðsynlegan fatnað og útbúnað miðað við allar árstíðir.
- Við vistun barns/unglings í varanlegt fóstur bera Barnaverndaryfirvöld ábyrgð á að útbúnaður þessi sé til staðar.

Við greiðslu framfærslueyris með börnum í fóstri, skv. 75. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 15. gr. reglugerðar um ráðstöfun barna í fóstur nr. 532/1996 skal að jafnaði miða við fjárhæð barnalífeyris eins og hann er ákveðinn hverju sinni samkvæmt lögum um almannatryggingar.

#### **Við vistun barns/unglings er gerður greinarmunur á framfærslueyri og fósturlaunum.**

- Með fósturlaunum er átt við umönnunarlaun fósturforeldra í tímabundnu fóstri.
- Með framfærslueyri er átt við greiðslu til að mæta, eftir atvikum kostnaði vegna daglegrar framfærslu barns.

Af framfærslueyri ber fósturforeldrum að standa straum af öllum almennum kostnaði sem felst í því að hafa umsjá barns, svo sem að sjá barninu fyrir fullnægjandi aðstöðu á heimili, mat, fatnaði, almennri heilbrigðisþjónustu, daglegum ferðalögum, mótuneytiskostnaði í skóla, útbúnaði í skóla, vasapeningum og eðlilegum tómstundum.

Við greiðslu framfærslueyris og fósturlauna er haft viðmið af mánaðarlegum meðlagsgreiðslum eins og þær eru ákveðnar hverju sinni samkvæmt lögum um almannatryggingar.



## 8. gr.

### Greiðslur til fósturforeldra barna í varanlegu fóstri

Barn/unglingur í varanlegu fóstri lýtur umsjá fósturforeldra sinna, sem að jafnaði fara með forsjárskyldur. Kynforeldri barns í varanlegu fóstri er jafnframt framfærsluskylt gagnvart barninu, sbr. 1.mgr. 89.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Hafi kynforeldri/kynforeldrar verið sviptir forsjá barns síns með dómi, er þeim ekki skylt að framfæra það, sbr. 3.mgr. 89.gr. barnaverndarlaga.

Í varanlegu fóstri er einungis greiddur framfærslueyrir, ekki er um fósturlaun að ræða.

Greiðslur miðast við aldur barns þegar það fer í fóstur og haldast óbreyttar nema í undantekningartilvikum þar sem þörf er á endurmati vegna breyttra aðstæðna.

#### aldur

0 til 18 árs

#### samtals greitt

tvöfaldur barnalífeyrir

Heimilt er að hækka framfærslueyri um allt að tvöfaldan barnalífeyri á mánuði eins og það er ákveðið hverju sinni samkvæmt lögum um almannatryggingar, þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er fyrir hendi í upphafi fósturs:

miklir hegðunar- og tilfinningalegir erfiðleikar

- fötlun
- vímuefnamisnotkun
- langvarandi veikindi

Ákvörðun um heimild til hækkunar framfærslueyris skal tekin af meðferðarfundum, að fengnu skriflegu mati sérhæfðra aðila sem þekkja til barnsins, t.d. félagsráðgjafa/barnalæknis/sálfræðings/geðlæknis.

Ef til álita kemur að hækka grunngjald umfram það sem að ofan greinir skal bera slíka ákvörðun undir félagsmálastjóra Norðurbings.

Kynforeldri barns í varanlegu fóstri greiðir meðlag til Barnaverndaryfirvalda og tekur þannig þátt í framfærslu barns/unglings, þó ekki ef dómur um sviptingu forsjár hefur átt sér stað. Sú upphæð sem kynforeldri greiðir er því hluti af ofangreindum greiðslum til fósturforeldra.

## 9. gr.

### Greiðslur framfærslueyris og fósturlauna vegna tímabundins fósturs

Aldur	Framfærslueyrir	Fósturlaun	Samtals
0 til 6 ára	2x barnalífeyrir	4x barnalífeyrir	6x barnalífeyrir
6 til 18 ára	2x barnalífeyrir	5x barnalífeyrir	7x barnalífeyrir

Forsjárforeldri barns í tímabundnu fóstri greiðir meðlag til Barnaverndaryfirvalda og tekur á þann hátt þátt í framfærslu barns/unglings. Sú upphæð er því hluti af ofangreindum greiðslum.



**10. gr.**  
**Ófyrirséður kostnaður**

Fósturforeldrar geta sótt um viðbótargreiðslur vegna ófyrirséðs kostnaðar t.d. sálfræðiviðtala eða álíka aðstoðar fyrir barn og/eða fósturforeldra í afmarkaðan tíma, meirháttar tannlæknakostnaðar, leikskólakostnaðar, tómstunda- og/eða fatakostnaðar.

Umsóknir um viðbótargreiðslur skulu berast skriflega til starfsmanns Barnaverndar. Ákvörðun um viðbótargreiðslur skal tekin af meðferðarfundum. Við ákvörðun, sem skal vera skifleg og rökstudd, skal getið um tímalengd slíkra greiðslna. Endurmat fari fram að þeim tíma liðnum.

**11. gr.**  
**Ferðakostnaður vegna umgengni**

Barnaverndaryfirvöld greiða ferðakostnað barns/unglings vegna umgengni við kynforeldra sína í samræmi við ákvæði fósturs- og vistunarsamnings.

**12. gr.**  
**Tilkynningar vegna fósturs**

Starfsmaður sem fer með mál skal innan tveggja vikna tilkynna T.R. um að barni hafi verið ráðstafað í fóstur. Jafnframt skal Barnaverndarstofu og Hagstofu Íslands tilkynnt um gerð fóstursamnings og breytta búsetu barns. (sbr. 9. gr. reglugerðar nr 532/1996).

